

um frv. til orkulaga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við flytjum nokkrar breytingartillögur við þetta frv.

Sú fyrsta er um það, að einkaréttur ríkisins til að reisa og reka raforkuver yfir ákveðna stærð haldist óbreyttur, með þeim frávikum, sem núgildandi lög ákveða. Sú smábreyting er þó gerð, að stærðartakmörk orkuvera eru talin í kw í frv. í stað jafnmargra hestafla í gildandi lögum.

Síðan raforkulögin voru sett, árið 1946, hefur þingkjörið raforkuráð gegnt þýðingarmiklu hlutverki við meðferð raforkumála. Verkefni þess hefur verið að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur um þau efni og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum. Samkvæmt lögum hefur raforkuráðið fengið til athugunar og umsagnar tillögur um að reisa ný orkuver og orkuveitur, tillögur um gjaldskrár rafmagnsveitna ríkisins, reikninga og fjárhagsáætlanir þeirra fyrirtækja o. m. fl.

Samkvæmt þessu frumvarpi á raforkuráðið að hverfa úr sögunni. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því, í kaflanum um orkusjóð, að Alþingi kjósi svonefnt orkuráð, en verkefni þess á að verða það eitt að fara með stjórn orkusjóðs, undir yfirstjórn ráðherra. Hinu nýja ráði er þannig ætlað miklu þrengra verksvið og valdsvið en raforkuráðinu, sem nú starfar. Verði þetta gert að lögum, teljum við, að stigið sé stórt skref aftur á bak. Við flytjum því breytingartillögu um, að inn í frumvarpið verði bætt nýjum kafla um stjórn orkumála, sem verði hliðstæður kaflanum um stjórn raforkumála, sem nú er í raforkulögunum. Þar verði, eins og í gildandi lögum, ákveðin verkefni orkuráðsins, og séu þau ákveðin með hliðsjón af fyrirmælum gildandi laga um verkeráðs.

Í samræmi við framanritað flytjum við breytingartillögur við nokkrar greinar frv. um það, að leitað sé eftir umsögnum og tillögum orkuráðs um ýmis málefni, sem frv. fjallar um.

Við flytjum brtt. við 71. gr., þess efnis, að lán til að koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota megji nema allt að $\frac{4}{5}$ stofnkostnaðar í stað $\frac{2}{3}$.

Þá flytjum við tillögu um, að við frv. verði bætt ákvæði til bráðabirgða, þar sem m. a. verði ákveðið, að á þessu ári og næstu 2 árum verði lokið við að leggja raflínur frá rafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem hafa ekki áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni.

Láta mun nærri, að um næstliðin áramót hafi 3800 sveitaheimili haft rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Má þá ætla, að tala þeirra heimila, sem hafa hvorugt þetta, sé nálægt 1500. Sennilega er um það bil helmingur þessara býla á svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni, en verði tillaga okkar samþykkt, eiga öll þau heimili að fá rafmagn frá samveitum á árunum 1967—1969.

Ein af brtt. okkar er um það, að rafmagnsveitustjóra verði falið að gera á þessu ári áætlanir um kostnað við að leggja raflínur frá rafmagnsveitum ríkisins til býla á svæðum, þar sem meðallínulengd milli þeirra er 2—2.5 km og 2.5—3 km. Þessar áætlanir er nauðsynlegt að gera til undirbúnings ákvörðunum um það, að hve miklu leyti raforkuþörfinni verður fullnægt með línunum frá samveitum. En sjálfsagt er að gera það, að svo miklu leyti sem mögulegt þykir kostnaðar vegna, þar sem með því móti er unnt að veita mönnum fullkomna þjónustu í þessu efni. Vafalaust skipta þau heimili þó hundruðum, sem eru á svo strjálbyggðum svæðum, að ekki verður talið fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum. Trúlegt er, að eitthvað af þeim hafi möguleika til að koma upp sérstökum vatnsaflsstöðvum, og er sjálf-sagt að veita þeim aðstoð til þess, t. d. með hagstæðum lánunum. En fyrir hina, sem

ekki búa við þau skilyrði, er þá ekki um annað að ræða en dísilstöðvar til rafmagnsframleiðslu, þótt það sé mjög ófullkomin úrlausn í samanburði við rafmagn frá samveitum. Samkvæmt brtt. okkar er rafmagnsveitustjóra ætlað að gera tillögur um uppsetningu dísilstöðva á þeim heimilum, sem eiga ekki kost á öðru betra, og eiga tillögurnar að miðast við, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Í þessu sambandi má geta þess, að samkvæmt síðustu reikningum héraðsrafmagnsveitna ríkisins hefur ríkisstyrkur, sem þær hafa hlotið, numið yfir 36% af stofnkostnaði þeirra. Áætlanir og tillögur rafmagnsveitustjóra, sem um getur hér að framan, á samkvæmt tillögum okkar að fullgera og leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. þ. á.

Það er auðvelt verk að ljúka því á allra næstu árum að koma rafmagninu til allra landsmanna, og þetta er skylt að gera. Það er ósæmilegt að fresta því lengur en orðið er að taka ákvörðun í þessu efni og láta þá, sem enn bíða eftir þægindum raforkunnar, vita, hvers þeir megi vænta um úrlausnir í því þýðingarmikla máli.

Alþingi, 13. marz 1967.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Einar Agústsson.